

Skipulags- og byggingarfulltrúi Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 4. maí 2022
UST202204-182/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipula – Vesturbyggð 2. áfangi á Þorlákshöfn- Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Vesturbyggð 2. áfanga sem er íbúðarbyggð í Þorlákshöfn. Í greinargerð kemur fram að í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 41 íbúðum á íbúðarsvæðinu í rað-, par-, einbýlishúsum og fjölbýlum auk leikskólalóðar. Skipulagssvæðið er um 10 ha. að flatarmáli.

Hraun

Í umhverfismati segir: „þar sem þetta sama hraun er undir allri Þorlákshöfn og umhverfi hennar er ekki um aðra staði að ræða til að byggja á í bænum. Því er staðsetning hverfisins ekki borin saman við aðra valkosti.“

Hins vegar segir í greinargerð: „Enn fremur er hraunið á svæðinu sandorpið og hefur því víða misst verndargildi sitt. Leitast verður við að vernda hraunmyndanir en svæðið er skipulagt þannig að þær hraunmyndanir sem eru á skipulagssvæðinu, lendi innan opinna svæða.“ Umhverfisstofnun telur jákvætt að sveitarfélagið hafi farið í greiningu á því svæði sem hér er til skoðunar og tekur stofnunin undir mikilvægi á verndun hraunmyndana. Skilgreint er eitt svæði þar sem hugað er að verndum hrauns á uppdrætti 1. áfanga, en ekkert svæði er skilgreint í áfanga tvö.

Þéttbýlismörk

Í greinargerð segir að þéttbýlismörk séu ákveðin í aðalskipulagi og gefa þau til kynna hvar áætlað er að raska hrauni fyrir uppbyggingu. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þó svo að sveitarfélagið hafi skilgreint þéttbýlismörk í aðalskipulagi þarf sveitarfélagið að taka tillit til 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að unnin sé valkostagreining á framtíðaruppbyggingu þéttbýlis með tilliti til verndun hraunmynda

Þróun þéttbýlis

Í greinargerð kemur fram að óhjákvæmilegt er fyrir þéttbýli Þorlákshafnar að þróast nema að forsögulegu hrauni verði raskað.

Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á að skoða þann valmöguleika að þetta núverandi byggð, byggja upp vannýtt og þegar röskuð svæði og huga að endurhönnun á svæðum innan núverandi þéttbýlis, en í kafla 3.2. í landsskipulagsstefnu 2015 - 2016 segir um sjálfbært skipulag þéttbýlis: „Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags.“ Einnig bendir Umhverfisstofnun á að hugað sé að verndun hraunmyndana eins og kemur fram í greinargerð og sýnt er á uppdrætti deiliskipulags.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að hægt er að hanna íbúðarsvæði á þann hátt að jarðminjar kortlagðar og götur, lóðir, göngustígar, leiksvæði og byggingreitir séu staðsettir með tilliti til minjanna. Þetta hefur ekki verið gert nema að litlu leiti að mati stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur